

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 2/1993.

Alþýðusamband Íslands
f.h. Verkamannasambands Íslands
vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar

(Atli Gíslason hrl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands
f.h. Stálsmiðjunnar hf.

(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

Kjarasamningur. Föst yfirvinna. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem dómtekið var 2. mars sl., höfðaði Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúar, Lindargötu 9, Reykjavík, með stefnu þingfestri 5. febrúar sl. gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Stálsmiðjunnar hf., Mýrargötu 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru að rétturinn viðurkenni með dómi:

- 1a. Að Stálsmiðjan hf., sé bundin kjarasamningi um að tryggja verkamönnum í brautum, deild 4, fasta yfirvinnu, sjö klukkustundir á viku, sem heimilt sé að lækka í fimm klukkustundir á viku með hálfis mánaðar fyrirvara.
- 1b. Til vara við kröfu samkvæmt 1 a., að Stálsmiðjan sé bundin kjarasamningi um að tryggja verkamönnum í brautum, deild 4, að lágmarki 5 stunda yfirvinnu á viku.
2. Að uppsögn Stálsmiðjunnar hf., 30. september 1992 á fastri yfirvinnu verkamanna í brautum, deild 4, sé brot á gildandi kjarasamningi aðila.
3. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms auk virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda eru þær að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Við aðalmeðferð málsins gaf Skúli Jónsson, forstjóri Stálsmiðjunnar hf., skýrslu fyrir dóminum.

Málavextir.

Meginágreiningsefni í máli þessu eru eftirfarandi.

Í fyrsta lagi um gildi sérstaks kjarasamnings um vinnu verkamanna í brautum, sem gerður var 4. mars 1988 milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Slippfélagsins hf., en samningi þessum fylgdi bókun um fasta yfirvinnu í 5 stundir á viku. Stefnandi heldur því fram að samningar þessi hafi gilt áfram gagnvart Stálsmiðjunni hf., sem yfirtók reksturinn á brautunum af Slippfélaginu hf. í ársbyrjun 1989. Þessari skoðun hafnar stefndi.

Í öðru lagi er deilt um skriflegt samkomulag, sem gert var 24. apríl 1991, milli Stálsmiðjunnar hf. og starfsmanna í brautum, er tryggir fasta yfirvinnu í 7 stundir á viku fram til 15. september 1991. Stefnandi telur þetta samkomulag vera kjarasamning, en stefndi lítur á það sem ráðningarsamning.

Í þriðja lagi er deilt um uppsögn Stálsmiðjunnar hf. frá 30. september 1992 á fastri yfirvinnu verkamanna. Þessa uppsögn telur stefnandi vera brot á gildandi kjarasamningi, en stefndi heldur því fram að uppsögnin sé heimil.

Málsástæður stefnanda.

Kröfur stefnanda eru á því byggðar að stefndi sé bundinn kjarasamningi um að tryggja starfsmönnum á brautum deild 4, 7 klukkustunda yfirvinnu á viku. Bindandi kjarasamningur hafi gilt um fasta yfirvinnu í fjölda ára, samningur sem margsinnis hafi verið framlengdur, meðal annars með samkomulagi dags. 24. apríl 1991. Það samkomulag hafi verið staðfesting á eldri kjarasamningi sem framlengst hafi með sama hætti og aðalkjarasamningur sem rann út 15. september 1991. Stefnandi segir að samningurinn hafi framlengst við gerð aðalkjarasamnings samkvæmt miðlunartillögu ríkissáttasemjara frá 26. apríl 1992 með gildistíma til 1. mars 1993. Uppsögn Stálsmiðjunnar 30. september 1992 sem miði við annan gildistíma sé ólögmat. Fara beri eftir aðalkjarasamningi um uppsagnarfrest og skýlausu ákvæði annarrar greinar hans um framlengingu allra síðast gildandi kjarasamninga aðila til 1. mars 1993.

Í annan stað hafi samningar aðila allir verið milli Stálsmiðjunnar hf. eða fyrirrennara þess og ótiltekinna starfsmanna, en ekki samningar við tilgreinda verkamenn, þ.e. ráðningarsamningar. Nýir starfsmenn hafi notið umsaminna starfskjara um lágmarksyfirvinnu án þess að þurfa að semja um það við ráðningu, sérstaklega og ein-

staklingsbundið. Stefndi hafi tryggt umsamda fasta yfirvinnu sem lágmarkskjör. Aðeins hafi verið gerður einn skriflegur samningur milli aðila, en ekki ráðningarsamningar við alla starfsmenn. Þessum samningum hafi aldrei verið sagt upp með lögfullum hætti.

Í þriðja lagi hafi stefndi í orði og verki viðurkennt samninga aðila sem kjarasamninga og farið að þeim í einu og öllu til 31. desember 1992. Þannig hafi samningur aðila, dags. 24. apríl 1991, framlengst frá 15. september 1991 í framkvæmd og formlega við undirskrift síðari aðalkjarasamninga. Hér komi einnig til að Stálsmiðjan virðist segja samningi aðila upp með almennum þriggja mánaða uppsagnarfresti, en ekki með uppsagnarfresti samkvæmt ráðningarsamningi og starfstíma hvers starfsmanns. Starfsmenn sem hlut eigi að máli hafi áunnið sér uppsagnarfrest á ráðningarsamningum allt frá einni viku til fimm mánaða, en að minnsta kosti tveir viðkomandi verkamanna eigi lengri uppsagnarfrest en þrjá mánuði. Stálsmiðjan hafi einnig viðurkennt skriflega með reglum um stimplun og tímaskrift að um kjarasamninga sé að ræða. Þá sýni uppsögnin glögg, að stefndi telji sjálfur að samkomulag aðila hafi framlengst 15. september 1991 og verið í fullu gildi allt árið 1992.

Í fjórða lagi beri stefndi sönnunarbyrði fyrir því að samningur aðila sé ekki kjarasamningur og þurfi með hliðsjón af tilurð samningsákvæðisins og langri venju um fasta yfirvinnu að bera halla af hugsanlegum vafa. Loks verði stefndi að bera halla af tómlæti sínu. Hann hafi engan fyrirvara gert 15. september 1991 eða við gerð núgildandi kjarasamnings. Þvert á móti hafi hann athugasemdalaust virt ákvæði kjarasamnings um lágmarks yfirvinnu allt til loka september 1992.

Varakröfu sína um fimm stunda lágmarks yfirvinnu byggir stefnandi á því að kjarasamningur Slippfélagsins í Reykjavík og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, dags. 4. mars 1988, um þessa yfirvinnu hafi framlengst óbreyttur með síðari aðalkjarasamningum, fyrst með kjarasamningi, dags. 1. maí 1989, síðan 1. febrúar 1990 og loks með kjarasamningi samkvæmt fyrrnefndri miðlunartillögu. Sé Stálsmiðjan bundin af þessum samningi og hafi fylgt honum í einu og öllu. Í umræddum kjarasamningi dags. 4. mars 1988 hafi verið tekið fram í 7. gr., að aðalkjarasamningur gildi um sérkjarasamninginn um það sem ekki væri tekið fram í þeim síðarnefnda. Síðari aðalkjarasamningar hafi framlengst sérkjarasamninginn óbreyttan þar á með-

al ákvæði um 5 stunda lágmarks yfirvinnu. Stefnandi áréttar, að þessu kjarasamningsákvæði hafi aldrei verið sagt upp af stefnda með lögformlegum hætti. Að öðru leyti vísar stefnandi til fyrri röksemda og samkomulags frá 24. apríl 1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að Stálsmiðjan hf. sé ekki bundin kjarasamningi um að tryggja þeim starfsmönnum sínum sem starfa í brautum fasta yfirvinnu. Stálsmiðjan hf. hafi aldrei yfirtekið sérkjarasamning stefnanda og Slippfélagsins hf. né heldur hafi Stálsmiðjan hf. síðar gert kjarasamning um fastar yfirvinnugreiðslur við stefnanda. Samningar þeir sem Stálsmiðjan hf. hafi gert við starfsmenn um fasta yfirvinnu séu ráðningarsamningar sem verði með engu móti jafnað til kjarasamninga og hafi því ekki réttaráhrif sem slíkir. Stéttarfélög séu lögformlegur samningsaðili um gerð kjarasamninga samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938. Uppsögn Stálsmiðjunnar hf. á fastri yfirvinnu starfsmanna sé breyting á persónubundnum kjörum þeirra sem tilkynnt hafi verið með lögmatum uppsagnarfresti í fullu samræmi við kjarasamning aðila.

Skuldbindingar Slippfélagsins hf. gagnvart stefnanda séu Stálsmiðjunni hf. með öllu óviðkomandi. Samningur Stálsmiðjunnar hf. og Slippfélagsins hf. sé fyrst og fremst kaupsamningur um yfirtöku eigna Slippfélagsins hf. við Mýrargötu. Slippfélagið hf. eigi enn og reki aðrar fasteignir sínar. Fullyrðingar stefnanda um sameiningu þessara fyrirtækja séu því úr lausu lofti gripnar. Stálsmiðjan hf. hafi ekki með fyrrgreindum samningi yfirtekið neinar skuldbindingar Slippfélagsins hf. gagnvart stefnanda þó félagið skuldbindi sig til að yfirtaka ráðningarsamninga Slippfélagsins hf. við starfsmenn. Í því hafi einvörðungu falist að Stálsmiðjan hf. tæki við skyldum Slippfélagsins hf. gagnvart starfsmönnum út uppsagnarfrest þeirra. Skyldi það gert með því að sjá þeim fyrir vinnu eða greiða laun þeirra þann tíma. Því til stuðnings bendir stefndi á að fyrrgreind skuldbinding taki einvörðungu til þeirra starfsmanna sem unnu við hinn selda rekstur á yfirtökudegi. Kaupsamningurinn lúti að kostnaðarskiptingu milli kaupanda og seljanda, en skapi ekki rétt fyrir starfsmenn.

Á því er byggt af hálfu stefnda að samningurinn frá 4. mars 1988 sé sérkjarasamningur sem gildi einvörðungu um störf starfsmanna

Slippfélagsins hf. á athafnasvæði þess félags. Bókunin með samningnum um fasta yfirvinnu hafi einungis haft gildi í samskiptum þeirra sem stóðu að henni, þ.e. Slippfélagsins hf. og stefnanda. Stálsmiðjan hf. sé sjálfstæður lögaðili óbundinn af skuldbindingum Slippfélagsins hf. nema því aðeins að um annað hafi verið samið. Stálsmiðjan hf. hafi hvorki gerst aðili að né skuldbundið sig til að fylgja fyrrgreindum sérkjarasamningi Slippfélagsins hf. Skúli Jónsson hafi á sínum tíma undirritað samninginn sem stjórnarmaður í Slippfélaginu hf.

Öllum fullyrðingum stefnanda um að bindandi kjarasamningur um fasta yfirvinnu hafi gilt í fjölda ára og hafi framlengst allt til þessa dags við gerð almennra kjarasamninga aðila er mótmælt. Kjarasamningurinn frá 4. mars 1988 gildi samkvæmt ákvæðum sínum um vinnu í brautum á athafnasvæði Slippfélagsins hf. Stefnandi hafi engan áskilnað gert eða haldið fram gildi kjarasamningsins við ráðningu starfsmanna til Stálsmiðjunnar hf. Þegar félagið hóf rekstur dráttarbrautanna né heldur við endurnýjun kjarasamninga vorið 1989.

Stefndi byggir kröfugerð sína á því að öllum starfsmönnum í dráttarbrautum hafi verið sagt upp af hálfu Slippfélagsins hf. Þeir hafi síðan verið ráðnir til Stálsmiðjunnar hf. á öðrum kjörum en þeir höfðu áður verið á hjá Slippfélaginu hf. og á grundvelli aðal-kjarasamnings aðila. Í fyrirheiti forsvarsmanna Stálsmiðjunnar hf. um að starfsmenn héldu áunnum réttindum hafi ekki annað falist en að þeim skyldi reiknaður til góða sá starfstími sem þeir höfðu áður með tilliti til áunninna réttinda svo sem veikindalauna-greiðslna, orlofs og uppsagnarfrests.

Stefndi mótmælir því eindregið að samkomulag Stálsmiðjunnar hf. við starfsmenn í brautum þann 4. maí 1990 og 24. apríl 1991 beri að skoða sem kjarasamninga eða jafngildi kjarasamninga. Kjarasamningur verði ekki gerður nema með aðild stéttarfélags, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1938. Undirriti trúnaðarmaður slíkt samkomulag í starfi sínu fyrir stéttarfélagið þurfi það að koma ótvírætt fram í samkomulaginu. Vegna þeirra víðtæku réttaráhrifa sem kjarasamningar hafa samkvæmt lögum verði að gera kröfu til þess að fullljóst sé að um kjarasamning sé að ræða. Fyrrgreint samkomulag sé gert beint við starfsmenn en ekki við stefnanda og undirritað af einum starfsmanna fyrir hönd þeirra allra. Þegar af þeirri ástæðu að unnið var

eftir því og laun greidd samkvæmt því, hafi það orðið hluti af ráðningarsamningi hvers einstaks starfsmanns.

Þá er því mótmælt að Stálsmiðjan hf. hafi í einu og öllu viðurkennt fyrrgreinda samninga sem kjarasamninga og farið eftir þeim í einu og öllu fram til síðustu áramóta. Hin fasta yfirvinna hafi verið breytileg og farið niður í 3,5 tíma í febrúar 1992. Viðurkennt sé að vinnufyrirkomulagi hafi verið breytt eftir að Stálsmiðjan hf. hóf rekstur dráttarbrautanna. Ósannað sé að það hafi verið gert með samþykki stefnanda. Sama gildi um breytingu á vinnutíma í febrúar 1992.

Samkomulagið frá 24. apríl 1991 hafi fallið úr gildi samkvæmt ákvæðum sínum þann 15. september 1991 en efni þess hafi verið hluti ráðningarsamninga starfsmanna að því marki sem laun voru áfram greidd fyrir fasta yfirvinnu samkvæmt því. Uppsögn Stálsmiðjunnar hf. á fastri yfirvinnu hafi því verið breyting á persónubundnum kjörum starfsmanna sem gerð var með lögætum hætti og að virtum samningsbundnum uppsagnarfresti þeirra starfsmanna sem lengstan uppsagnarfrest höfðu. Ákvæði í kjarasamningi aðila um lengri uppsagnarfrest eigi eingöngu við um uppsagnir sem ætlað er að leiða til starfsloka.

Reglur Stálsmiðjunnar hf. um tímaskrift geti ómögulega falið í sér neina viðurkenningu á kjarasamningsgildi þess samkomulags sem hér er deilt um eða haft þýðingu í því sambandi í máli þessu. Þær séu dagsettar 1. apríl 1988 eða fullum níu mánuðum áður en Stálsmiðjan hf. hóf rekstur dráttarbrautanna.

Þá mótmælir stefndi því að hann eigi sönnunarbyrði fyrir því að samkomulagið frá 24. apríl 1991 sé ekki kjarasamningur. Stefndi verði að sanna aðild sína að samkomulaginu. Stefndi hafi fráleitt sýnt af sér tómlæti þó tímabundið samkomulag um breytingu á ráðningarkjörum hafi verið látið gilda áfram og þeim fyrst verið sagt upp þann 30. september 1992.

Stefndi byggir kröfur sínar einnig á tómlæti stefnanda. Samkomulag hafi verið um það þegar fyrir tveimur árum að stefndi leitaði úrskurðar Félagsdóms á gildi sérkjarasamnings Slippfélagsins hf. gagnvart Stálsmiðjunni. Það hafi stefndi ekki gert fyrr en nú þrátt fyrir áskoranir stefnda. Þá hafi stefnanda verið í lófa lagið að fá skorið úr ágreiningi þessum áður en hinar umdeildu uppsagnir tóku

gildi þann 1. janúar 1993. Hann verði því að bera halla af tómlæti sínu.

Málkostnaðarkrafa stefnda er einnig byggð á því að mál þetta sé fyrst og fremst höfðað nú til að réttlæta ólögmetar aðgerðir stefnanda á athafnasvæði Stálsmiðjunnar hf. þann 30. janúar sl. Þegar sjósetning fiskiskipsins Júlíusar var hindruð af stefnanda.

Niðurstæða dómsins.

Hinn 4. mars 1988 gerðu Verkamannafélagið Dagsbrún og Slippfélagið hf. nýjan sérsamning um kjör verkamanna, sem vinna í brautum á athafnasvæði Slippfélagsins hf. í Reykjavík. Þar var meðal annars samið um kaupgjald og vinnutíma, en jafnframt fylgdi samningi þessum sem hluti hans bókun um lágmarkstímaskriftir á viku, 40 stundir í dagvinnu og 5 stundir í yfirvinnu, en það eru einkum yfirvinnustundir, sem eru ágreiningsefni í þessu máli. Annar þeirra manna sem undirrituðu þennan samning fyrir hönd Slippfélagsins hf. var Skúli Jónsson, stjórnarmaður í félaginu, en hann var jafnframt forstjóri Stálsmiðjunnar hf.

Sérsamningurinn var einnig undirritaður af hálfu Vinnuveitendasambands Íslands.

Þann 19. desember 1988 gerði Slippfélagið hf. sem seljandi og Stálsmiðjan hf. sem kaupandi samning um yfirtöku Stálsmiðjunnar hf. á tilgreindum eignum, réttindum og skyldum Slippfélagsins hf. Með kaupsamningi þessum, sem gekk í gildi 1. janúar 1989, tók Stálsmiðjan hf. meðal annars við þeirri starfsemi, er áðurgreindur sérsamningur Dagsbrúnar og Slippfélagsins hf. miðaðist við. Kaupverðið greiddi Stálsmiðjan hf. aðallega með hlutabréfum sínum í Slippfélaginu hf.

Bæði fyrirtækin Slippfélagið hf. og Stálsmiðjan hf. eru aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Slippfélagið hf., Stálsmiðjan hf. og Vinnuveitendasambandið höfðu ekki ástæðu til að ætla að Dagsbrún vildi una því að hafa engan sérsamning í gildi um störf í brautum á viðkomandi athafnasvæði eftir að skipti urðu á rekstraraðila. Við gerð kaupsamningsins bar Slippfélaginu hf. annað hvort að tilkynna Dagsbrún að sérsamningurinn félli sjálfkrafa niður, þar sem fyrirtækið væri hætt umræddri starfsemi svo Dagsbrún gæfist kostur á að endurnýja samninginn við nýjan rekstraraðila, ellegar að búa svo um hnútana við kaupandann, Stálsmiðjuna hf., að sérsamningurinn héldi gildi sínu.

Með 5. gr. kaupsamningsins lofaði Stálsmiðjan hf. að svara skuldbindingum seljanda gagnvart verkamönnum, sem vinna við hinn selda rekstur á yfirtökudegi. Verður að líta svo á, að sérsamningurinn frá 4. mars 1988 falli undir þær skuldbindingar, enda kom það hvergi fram af hálfu Stálsmiðjunnar hf. á þeim tíma að fyrirtækið teldi sig óbundið af sérsamningnum um vinnu í brautum.

Prátt fyrir það sem fram er komið um drátt af hendi stefnanda er ekki fallist á tómlætissjónarmið stefnda.

Hinn 24. apríl 1991 gerði Stálsmiðjan hf. samkomulag við starfsmenn í brautum, sem tryggði verkamönnum fasta yfirvinnu 7 stundir á viku fram til 15. september 1991. Líta verður á samkomulag þetta sem hópsamning um ráðningarkjör en ekki sem kjarasamning, þar sem samkomulagið var ekki undirritað fyrir hönd Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Af þessum ástæðum getur stefnandi ekki reist rétt sinn á því samkomulagi í máli þessu.

Uppsögn Stálsmiðjunnar hf. á fastri yfirvinnu verkamanna í brautum, sem gerð var með bréfi, dags. 30. september 1992, var andstæð ákvæði sérsamningsins frá 4. mars 1988 um 5 stunda yfirvinnutryggingu á viku, en sérsamningurinn fylgdi gildistíma aðal-kjarasamnings Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands. Þessi uppsögn var því óheimil.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt framangreindu sú, að Stálsmiðjan hf. hafi orðið aðili að sérsamningnum við Dagsbrún í stað Slippfélagsins hf. og að uppsögn Stálsmiðjunnar hf. frá 30. september 1992 á fastri yfirvinnu í brautum sé ógild.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Stálsmiðjan hf., varð hinn 1. janúar 1989 aðili að sérsamningnum við Verkamannafélagið Dagsbrún í stað Slippfélagsins hf. sem tryggir verkamönnum í brautum að lágmarki 5 stunda yfirvinnu á viku. Uppsögn Stálsmiðjunnar hf. frá 30. september 1992 á fastri yfirvinnu verkamanna í brautum er ógild.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Gunnars Guðmundssonar.

Niðurstaða.

Þar sem sérkjarasamningar eru að ýmsu leyti frábrugðnir almennum kjarasamningum verður að telja það meginreglu að öllu jöfnu, að nýr eigandi sé ekki bundinn af sérkjarasamningi um viðkomandi atvinnurekstur þegar um er að ræða kaupsamning á atvinnustarfsemi ásamt meðfylgjandi tækjum og innréttingum.

Eins og komið hefir fram keypti Stálsmiðjan hf. þann 19. desember 1988 eignir Slippfélagsins í Reykjavík hf., þar á meðal dráttarbrautir og tók yfir reksturinn frá og með 1. janúar 1989. Skuldbatt stefndi sig samkvæmt kaupsamningi m.a. til þess að yfirtaka starfsamninga við starfsmenn og svara skuldbindingum Slippfélagsins í Reykjavík hf. gagnvart þeim. Er hér einungis átt við skuldbindingar samkvæmt ráðningarsamningum. Sérkjarasamningur sá sem Slippfélagið í Reykjavík hf. gerði við stefnanda Verkamannafélagið Dagsbrún þann 4. mars 1988 er samkvæmt ofansögðu óskuldbindingandi fyrir stefnda Stálsmiðjuna hf.

Enginn sérkjarasamningur hefur verið undirritaður milli stefnda Stálsmiðjunnar hf. og stefnanda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar um vinnu í dráttarbrautum fyrirtækisins. Bar stéttarfélaginu að leita eftir slíkum kjarasamningi strax við yfirtöku stefnda Stálsmiðjunnar hf. á eignum Slippfélagsins í Reykjavík hf.

Telja verður að sú framkvæmd á yfirvinnu sem átt hefur sér stað hjá stefnda frá framangreindum yfirtökudegi byggist á ráðningarsamningum og hefir þeirri framkvæmd verið sagt upp á réttmætan hátt. Vísað er á bug staðhæfingu stefnanda, að samkomulag stefnda við starfsmenn í brautum þann 4. maí 1990 og 24. apríl 1991 beri að skoða sem kjarasamninga eða jafngildi þeirra, þar sem mun ríkari formkröfur eru gerðar til kjarasamninga en ráðningarsamninga.

Samkvæmt framangreindu ber því að sýkna stefnda Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Sambands málm- og skipasmíðja vegna Stálsmiðjunnar hf. af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Stálsmiðjunnar hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Alþýðusam-

bands Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Málskostnaður fellur niður.
